

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. júní gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-30/2009:

I

Kröfugerð, málavextir og niðurstaða

Hinn 27. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitshaiðandi, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit vegna reiknings frá fyrirtækinu Y. Álitshaiðandi kveðst hafa verið krafinn um greiðslu fyrir 36 SMS sendingar frá Bandaríkjunum 26. desember 2008 sem kostað hafi kr. 2.952, en hann hafi engin SMS skeyti sent þann dag. Af reikningsfjárhæðinni hefur Y fellt niður kr. 1.558, en álitshaiðandi krefst þess að reikningurinn verði felldur niður að fullu.

Kæruneftndin gaf Y kost á andsvörum með bréfi, dags. 28. apríl, og frest til að skila þeim til 11. maí sl. Engin andsvör bárust.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup. Samkvæmt lögum nr. 87/2006 geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur í kaupum samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lögum nr. 48/2003 um neytendakaup snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitshgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er á milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur símaþjónustu.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir í 1. gr.:

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.

Af skilgreiningu þessari er ljóst að þjónusta sú sem álitshaiðandi kvartar undan fellur ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir að gefa álit sitt á ágreiningnum.

Niðurstaða kæruneftdarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beri að vísa beiðni X frá nefndinni.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir